




Upphaf

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan 17. júní 1911. Þetta ár sameinuðust Prestaskólinn, Læknaskólinn og Lagaskólinn auk þess sem Heimspekiðeld var stofnuð og Háskóli Íslands varð til. Nemendur voru 45 og kennsla fór fram á neðri hæð Alþingishússins við Austurvöll. Í dag eru nemendur um 14000 og kennnar um 1400. Markmið skólans hafa breyst úr stofnun sem menntar mikilvæga embættismenn yfir í alþjóðlega rannsókn- og menntastofnun á öllum sviðum vísinda.

1940 flutti skólinn starfsemi sína í nýtt húsnæði, Aðalbyggingu Háskólans, austan við Suðurgötu. Smám saman hefur skólanum verið mörkuð æ stærri lóð - háskólasvæði - sem byggst hefur fremur hægt upp. Uppbygging hefur fallist í byggingu stakra bygginga fyrir ákveðin fræðasvið. Það var ekki fyrir en með byggingu Háskólartorgs árið 2007 að tilrun var gerð til að tengja svæðin í anda þeirrar samlegðarmöguleika rannsóknarstarfs sem menn vilja sjá hjá nútímalegri menntastofnun. Æskileg samþætting snýr ekki eingöngu að sviðum innan Háskólans heldur eru væntingar um slíkt hið sama á milli Háskólans og borgarsamfélagsins alls. Lega svæðisins í hjarta borgarinnar og í þjáðri framtíða stækkunar miðborgarinnar skapar mikla möguleika á uppbyggingu nútímalegs borgarsamfélags þar sem menning, menntun, stjórnsýsla, þjónusta og alhliða afþreying eiga sér heimili.

Við viljum með þessari tillögu sýna fram á að með skipulagðri þéttari byggð megi þjóna þörfum Háskólans fyrir nýjar byggingar á mun minna svæði en núverandi háskólasvæði gerir ráð fyrir. Um leið opnast möguleikar á fjölbreyttari og hraðari uppbyggingu en ella, ef eingöngu væri skipulagt fyrir nýbyggingar sem þjóna Háskólanum beint.




Heildarmynd

Umhverfis Vatnsmýrina, eru flestar mikilvægustu stofnanir borgarsamfélagsins: Landspítalinn, ný samgöngumiðstöð, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík, að ekki sé minnst á miðborg Reykjavíkur sem verður æ stærri hluti myndar Íslands, hvort um erlenda ferðamenn eða Íslendinga er að ræða. Mikilvægt er að tengingar á milli allra þessara svæða séu greiðar og augljósar. Suðurgata og Hringbraut eru miklir tálmar og mikilvægt að finna leiðir til að gefa gangandi vegfarendum greiða leið yfir þá. Lausn í samkeppni um skipulag friðlandsins í Vatnsmýri sem felur í sér greiða leið undir Hringbraut fyrir „fólk og vatn“ er snjöll og teljum við hana hafa yfirburði yfir núverandi göngubúri við Njardargötu.

Umferð um Suðurgötu er ekki það mikil (8 þúsund bílar á sólarhring) að hún krefjist umfangsmikils götusvæðis eins og nú er. Við leggjum til að Suðurgatan verði þrengd í eina akreini í hvora átt og þveganir verði undir formerkjum „shared space“ (samnýtt rými). Umferðarhraði minnkar og allir ferðamáttar verða jafn réttahár. Þetta er mikilvægt fyrir heildaryfirbragð Háskólasvæðisins. Aðvitað er mikilvægt að tengja með undirgöngum eins og fyrirhugað er milli Háskólartorgs og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, en tengingar á yfirborði verða alltaf að vera fyrir hendi.

Perla svæðisins er friðlandið, með eina af meginbyggingum þjóðarinnar, Norræna húsið, í öndvegi. Hún gegnir lykilhlutverki í grænu beltí sem nær frá Ráðhúsi, um Tjörnina, Hljómskálagarðinn, Friðlandið og grænt svæði með fjölbreyttum ýtingarmöguleikum að Skerjafirði. Með nýrri tengingu undir Hringbraut má tengjast betur Hljómskálagarði og stórfengleg leið fyrir gangandi og hjólandi opnast frá Ráðhúsi að Skerjafirði. Við sjáum fyrir okkur að grundvöllur fyrir rekstri litlis kaffihúis í Hljómskálagarði geti opnast, sem áfangastaður á þessari leið. Hljómskálagarður lifnar við og verður áfangastaður til útivistar í mun meira mæli en nú er.

Við gerum ráð fyrir nokkurri uppbyggingu á þessu svæði. Sjáum fyrir okkur Listaháskóla eða aðrar stofnanir við hæfi. Listaháskóli með alla sína nemendur myndi skapa lifandi starfsemi í garðinum og kalla á þjónustu á Háskólasvæðinu sem öllum gagnast.



Háskólasvæði

Sérstæða Háskólasvæðisins er hve miðlægt það er í borginni. Með hliðsjón af því, er ekki æskilegt að stór svæði innan Háskólalóðar séu óbýggð til áratuga á meðan borgin vex út úr bænnum. Háskólasamfélagið þarf því að skoða vel hver framtíðarþarfi þess er fyrir frekari uppbyggingu. Skoða verður að opna faðm Háskólans svo önnur starfsemi fái rými í honum. Með þéttari byggð má auka byggingarmagn innan svæðisins og vafalaust fullnægja byggingarþörfum Háskólans til langs tíma. Við teljum að Háskólasvæðið þurfi ekki að ná austur fyrir Njardargötu (Fluggarðar) og skapist þá möguleikar á almennri uppbyggingu á því svæði. Einnig teljum við að skoða megi að dreifa Vísindagörðum frekar um Háskólasvæðið og opna fyrir annars konar nýtingu á þeirri lóð. Suðurhluti Vísindagarða að Eggertsgötu gæti hugsanlega hentað sem íbúðabyggð, hvort sem er fyrir stúdenta eða almennar íbúðir.

Við teljum að innan svæðisins eigi heima ýmsar stofnanir, sem kannski ekki endilega tilheyra Háskólanum sjálfum beint en myndu stuðla að menningarlegu yfirbragði þess. Þar má nefna Náttúrufræðisafn og -stofnun (sem tvímálalaust á heima í þessu umhverfi), alþjóðlegar stofnanir (sem við munum hugsanlega hýsa í náinni framtíð), Listaháskóla Íslands, Norðurlandspítal, hófuðstöðvar og rannsóknarstarfsemi nýs Olíufélags á Íslandi (þegar við förum að vinna olíu), Orkustofnun og svo mætti lengi telja.


Með þessa hugsun að leiðarljósi mætti hraða uppbyggingu svæðis og skapa þar fjölbreytt mannlf og Háskólinn sjálfur væri meira í hringiðu samfélagsins og allt tal um flabéinsturna þaggað niður.



Grænt

Grænt beltí liggur frá Friðlandi suður mýrina til sjávar. Við hugsum þetta sem agað útivistarsvæði sem skiptist í reiti með mismundi útfærslum. Skipt verði um yfirbragð gróðurs, mismunandi stígalögn og starfsemi. Hér má hugsa sér ræktunarreitti í anda „urban growing“ hugmyndafræðinnar, leiksvæði, gosbrunna osfrv. Aðalatriði er fjölbreytni og að svæðið laði að sér borgarbúa í öllum veðrum.

Hér má próa ýmsar lausnir í átt að sjálfbærni og nýrri hugsun í umhverfismálum.



Götunet



Stigar og torg

Umferð

Í tillögunni er gert ráð fyrir skýru gatnaneti, neti sem ramar inn svæði til fjölbreyttra nota. Netið tekur mið af Vatnsmýrartillögu en grænt svæði í framhaldi Hljómskálagarðar er minnkað nokkuð. Meginásarnir í norður-suður eru Birkimelur, Suðurgata, Sæmundagata, Njardargata og Barónstígur. Austur-vesturásarnir eru Hringbraut, Sturlugata, Eggertsgata og Einarssnes í austur-vestur. Þessar götur eru lagðar með akbrautum og göðum göngu- og hjólaleiðum við báðar hliðar eða sem samnýtt svæði. Gatnakerfi innan reita er smærri í sniðum, jafnvel sameiginlegar akbrautir og gönguleiðir.

Með svona umferðarneti er umferðinni dreift um svæðið og kemur í veg fyrir að umferð safnist með þunga á ákveðnar leiðir.


Mikilvægt er að góðar læstar geymslur fyrir hjól séu í hverri byggingu. Einnig er mikilvægt að gestir geti geymt hjól undir skygnum við aðalinnnganga.

Bílastæði eru í götum og á stærri svæðum víða um Háskólasvæðið. Gert er ráð fyrir að allar nýjar byggingar séu með bílagreyslur í kjóllurum. Hugsanlegt er einnig að byggja miðlægt bílagreyslulúsh sem þjóni öllu svæðinu.



Friðland

Friðlandið er að mestu óbreytt, en við gerum ráð fyrir að byggt verði vestan Öskju og hugsanlega vestan Norræna hússins á horni Sæmundargötu og Sturlugötu. Þar gerum við ráð fyrir frekari uppbyggingu raunreina sem tengjast Öskju í dag. Áform um flutning raunreina á austurhluta Háskólasvæðis kalla á uppbyggingu á þessu svæði. Mikilvægt er að standa vörð um vatnshúskap Vatnsmýrar með beitingu fullkomnuðu aðferða í meðferð yfirborðsvatns.



Austur

Hér gerum við ráð fyrir að við séum komin út fyrir hið raunverulega Háskólasvæði. Hér er tillaga um að byggja íbúðir og þjónustu í blandaðri byggð. Kvarði Þingholtanna er notaður sem viðmið og brotið upp hið stífa form Vatnsmýrartillögu. Höldum þó í grunnhugmynd þess skipulags. Byggðin er byggð upp af mismunandi hverfum fjölbreyttra íbúðarhúsa í blöndu sérþýlis og fjölþýlis. Hverfin eru byggð í hinu stærra samgönguneti Vatnsmýrar en byggð upp af smærri einingum með torgum og kjarna með þjónustu til að auka sjálfbærni hverfanna. Leikskólar og hugsanlega grunnskóli er fléttaður inn í netið og útivistarsvæði, græna beltíð og torg nýtt sem athafnasvæði.

Vestur


Tillaga að uppbyggingu vesturhluta Háskólasvæðis einkennist í meginatriðum af því að fyllt er í auð svæði og byggt að núverandi götum. Við sjáum Háskólalóð með sínum fyrirlestrarsölum verða æ sterkari hluta Háskólabýggjanna og vísindasmíðja barna á vel heima þar. Frekari notkun Háskólalóðs til menningarauka, lifandi og gagnvirka miðlun vísinda er æskileg.

Mikilvægt er að Hús íslenskra fræða fá fallega umgjörð. Með byggingum á aðliggjandi lóðum myndast torg sem geymir skrínið um dásnin okkar. Áform um uppbyggingu málvísinda á þessum hluta Háskólasvæðis eru raunsa þar sem byggingar sem tengjast þeim vísindum eru nú þegar á svæðinu. Við leggjum til að opnað verði að Þjóðarbókhliðu svo fleiri fái notið umhverfis hennar. Svæði á milli Arngrímsgötu og Brynjólfsstötu er byggt upp, hugsanlega með byggingum sem tengjast Þjóðarbókhliðu.

Byggð er blönduð almennri þjónustu við borgarbúa, íbúðum fyrir stúdenta og almennum íbúðir auk starfsemi Háskólans. Þjónusta á jarðhæðum og blönduð starfsemi á efri hæðum ætti vel heima hér. Mikilvægt að svæðið sé lifandi alla daga og auki lífsgæði íbúa í vesturbæ Reykjavíkur.

Háskólagarður

Við gerum ráð fyrir að Skeifan verði afkögð í núverandi mynd og byggt í jöðrum hennar. Myndaður er Háskólagarður sem verður kennileiti og áfangastaður í borgarmyndinni. Listaverk Ásmundar Sveinssonar, Sæmundur á selnum, fær lykilhlutverk í Háskólagarðinum. Það er við hæfi að stytta standi í Háskólagarðinum, í öndvegi við Aðalbyggingu sem eins konar einkennismerki hans. Þjóðsagan sem verkið táknar snýst um það að beita viti og kærsku til að sigrast á, að því er virðist, ófyrirstanlegum hindrunum. Háskólagarðurinn, jafnvel með þjónustubyggingum undir Sæmundargötu undir ingang í Aðalbyggingu, fær lykilhlutverk og verður hluti af gönguleiðakerfi svæðisins. Í Háskólagarðinum eru uppkomur tengdar Háskólanum s.s. októberfest, útskriftir, tónleikar o.fl. Einnig hentar hann til almennra nota fyrir t.d. sölustarfssemi, jólaupðakomur, kynningar o.fl. Garðurinn tengist fyrirhuguðum birkiskógi skv. verðlaunatillögu um friðlandið vestan Sæmundargötu.



Umheimur

Með aukinni uppbyggingu í Vatnsmýri og á Háskólasvæði er mikilvægt að huga að samgöngum og tengingum svæðanna við aðra borgarhluta, að ekki sé talað um tengsl við dreifðar byggðir landsins. Miðstöð stjórnsýslu er í miðborg Reykjavíkur og aukin uppbygging á Háskólasvæðinu, samkvæmt okkar hugmyndum, kallar á nýja hugsun um þýðingu flugvallar. Flugvöllur í Vatnsmýri í núverandi mynd ekki æskilegur, en tengingar með flugi við þessar mikilvægu stofnanir eru þó mikilvægar. Minnka verður umfang flugvallar og hugsanlega færa hann út á Löngusker. Fyrri athuganir benda til að sú leið sé kannski ekki fýsileg, ma. af um umhverfisástæðum. Við viljum þó ekki yfirgefa þá hugmyndin algerlega, því mikilvægt er að tenging miðborgarinnar sé sem allra best. Spyrjum okkur hvort ekki megi huga að minni flugvelli sem eingöngu þjóni minni flugvélum (eins og raunar allt innanlandsflug notar í dag). Jafnvel verði skoðað að ein braut dugi þó nýting minnki (hve mikið virðast menn ekki einhuga um) og horfið verði frá þeirri kröfu að völluminn þjóni sem vararflugvöllur fyrir Keflavík. Kennslu- og æfingafugli verði fundinn annar staður (td. Afstapahraun á Reykjanesi eða Hólmshéiði) og miðborgin losuð við óþægindi og áhættu af slíku flugi. Þetta er heitt umræðuefni vitum við og kannski ekki skynsamlegt að fara djúpt í það! Viljum þó benda á að þétting byggðar snýst ekki bara um aukni byggingarmagn, heldur ekki síður um betri samgöngur!



Afstöðumynd 1:2000

